



Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 27. september 2018

SFS2017110042

0.11.1

HG/et

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Samstarfssamningur við Fjölskyldu- og húsdýragarðinn

Á 144. fundi skóla- og frístundaráðs, þann 25. september 2018, voru lögð fram drög að samstarfssamningi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur, Gufunesbæjar – miðstöðvar útivistar og útináms, íþróttar- og tómstundasviðs Reykjavíkur og Fjölskyldu og húsdýragarðsins. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 20. september 2018, um samninginn.

Samstarfssamningurinn var samþykktur og vísað til borgarráðs.

Samstarfssamningnum er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Samstarfssamningur skóla- og frístundasviðs, Gufunesbæjar - miðstöðvar útivistar og útináms, íþróttar- og tómstundasviðs og Fjölskyldu- og húsdýragarðsins

Minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 20. september 2018



Reykjavík, 20. september 2018

SFS2017110042

144. fundur

HG/gs/en

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Samstarfssamningur skóla- og frístundasviðs, Gufunesbæjar-miðstöðvar útivistar og útináms, íþróttar- og tómstundasviðs og Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, íþróttar- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar og Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn gerðu þann 6. júní 2013 með sér samstarfssamning með það að leiðarljósi að gefa fleiri börnum í Reykjavík kost á að njóta náms og leiks á vettvangi Fjölskyldu- og húsdýragarðsins. Samningurinn var til þriggja ára en í 5. gr. hans kom fram að aðilum bæri fyrir 1. apríl 2016 að ákveða sameiginlega hvort samningurinn skyldi endurnýjaður.

Með viðauka, dags. 22. september 2016 var gildistími samningsins framlengdur til 1. september 2017 og með viðauka, dags. 1. nóvember 2017, var gildistími samningsins framlengdur til 1. september 2018.

Samningsaðilar hafa ákveðið að gera nýjan samstarfssamning, nú einnig í samstarfi við Gufunesbæ-miðstöð útivistar og útináms.

Markmið samningsins er:

- að gefa börnum í Reykjavík kost á að njóta náms og leiks á vettvangi Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.
- að tryggja aðgengi barna og ungmenna í starfi á vegum skóla- og frístundasviðs að garðinum
- að nám í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum verði hluti af skólagöngu reykvískra barna.
- að útivist og upplifun í garðinum verði hluti af frístundastarfi á vegum skóla- og frístundasviðs.

Samningurinn, sem er til þriggja ára, kveður á um árlegt framlag skóla- og frístundasviðs til Fjölskyldu- og húsdýragarðsins að fjárhæð kr. 3.000.000, vegna þeirra verkefna sem samningurinn kveður á um og tekur sú fjárhæð breytingum í samræmi við almennar launabreytingar skv. kjarasamningum. Samkvæmt samningnum skulu samningsaðilar ákveða sameiginlega fyrir 1. apríl 2021 hvort samningurinn skuli endurnýjaður.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur (SFS), Gufunesbær – miðstöð útivistar og útináms (MÚÚ), Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur (ÍTR) og Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn (FHG) gera með sér eftirfarandi

s a m s t a r f s s a m n i n g

með það að leiðarljósi að gefa fleiri börnum í Reykjavík kost á að njóta náms og leiks á vettvangi FHG.

1. gr.

Markmið samningsins eru

- að tryggja aðgengi barna og ungmenna í starfi á vegum SFS að FHG
- að nám í FHG verði hluti af skólagöngu reykvískra barna.
- að útivist og upplifun í FHG verði hluti af skóla- og frístundastarfi á vegum SFS.

Ofangreindum markmiðum verður náð með því:

- að fastsetja með hvaða hætti skólar, frístundaheimili og aðrar starfsstöðvar SFS greiði fyrir aðgang og þjónustu í FHG.
- að tryggja að börn og ungmenni fái tækifæri til að nýta FHG til útivistar og upplifunar í frístunda- og skólastarfi.
- að efla faglegt samstarf MÚÚ og FHG með það fyrir augum að samstarfið verði með skipulögðum og markvissum hætti t.d. með því að koma á laggirnar samstarfsvettvangi sem leiðir samstarfið til framtíðar.
- að styðja við fræðslustarf FHG til að auka gæði og fjölbreytni í námsframboði fyrir börn og ungmenni í borginni.

2. gr.

Samstarfsvettvangur

- 2.1. Samstarf SFS, og FHG fer fram á skipulögðum og markvissum forsendum með áherslu á þróun á móttöku barna og ungmenna og þjónustu við þau.
- 2.2. Fulltrúar MÚÚ og FHG skipa fagstýrihóp um samstarfssamninginn.
- 2.3. Hlutverk fagstýrihópsins er að leiða og byggja upp samstarf SFS og FHG með eflingu þess að leiðarljósi. Hópurinn hefur eftirlit með að ákvæði samnings þessa séu virt.
- 2.4. Fagstýrihópur fundar a.m.k. tvisvar á ári vegna málefna tengdum samningi þessum og kallar til aðra sérfræðinga eftir þörfum.

3. gr.

Hlutverk samningsaðila

- 3.1. Samningur þessi nær yfir eftirfarandi starfsemi á vegum SFS í tengslum við skipulagt starf viðkomandi starfsstaða:
 - Leikskóla
 - Grunnskóla
 - Frístundastarfs
 - Á vettvangi annarra starfsstöðva (s.s. skólahljómsveita).
- 3.2. Börn og starfsfólk í skipulögðu starfi á vegum SFS (sjá ofangreint) fá aðgang að FHG án endurgjalds. Fagstýrihópur MÚÚ og FHG setur viðmið og vinnureglur um móttöku barna og ungmenna og þjónustu við þau til þess að tryggja gæði heimsóknanna og jafnan aðgang barna og ungmenna að því sem garðurinn hefur fram að færa hverju sinni.
- 3.3. Börn og starfsfólk í skipulögðu starfi á vegum SFS fá aðgang að fræðsludagskrá FHG sem er í samræmi við menntastefnu og frístundastefnu Reykjavíkur, markmið aðalnámsskrár og styður við grunnþáttinn sjálfbærni. Fagstýrihópur MÚÚ og FHG setur viðmið um umfang og efni fræðsludagskrárinnar með það fyrir augum að ekki dragi úr framboði á fræðslu í garðinum frá því sem nú er.
- 3.4. MÚÚ myndar faglegt bakland fyrir starfsfólk FHG á sviði kennslufræða og frístundastarfs. Í gegnum MÚÚ hefur fræðsludeild FHG aðgang að sérfræðipækkingu SFS í skóla- og frístundastarfi, t.d. til mótunar námskrár FHG.
- 3.5. FHG hefur aðgang að annarri þjónustu SFS, s.s. tölfræði- og rannsóknþjónustu í tengslum við uppbyggingu fræðslu á vegum FHG. Útfærsla þessa aðgangs skal vera í höndum fagstýrihóps.
- 3.6. Við lok hvers skólaárs á gildistíma samningsins skilar FHG upplýsingum til fagstýrihóps um aðsókn starfsstaða SFS í FHG og greiningu á þátttöku þeirra í einstökum verkefnum.
- 3.7. SFS hefur aðgang að sérfræðipækkingu FHG í gegnum sérfræðinga sem starfa í garðinum. T.d. getur SFS kallað eftir aðkomu sérfræðinganna að tilteknum verkefnum sem tengjast fræðasviði garðsins.

4. gr.

Fjármál

- 4.1. SFS greiðir FHG árlegt framlag, að fjárhæð kr. 3.000.000, í fyrsta sinn 1. okt. 2018. Fjárhæðin tekur árlegum breytingum sem skulu endurspeglar almennar launabreytingar á launatöflum skv. kjarasamningum þeirra starfsmanna sem sinna þeim störfum, sem um ræðir í samningi þessum, í fyrsta sinn 1. október 2019. Fyrir 1. október ár hvert á samningstímanum skal FHG senda reikning til SFS, ásamt skýringum á breytingum fjárhæða milli ára.

- 4.2. Ef keypt er viðbótarþjónusta af FHG sem ekki telst til fræðslustarfs, svo sem hádegisverður, er greitt sérstaklega fyrir hana. Fjárhæðin tekur mið af þeim kostnaði sem SFS myndi greiða að öðrum kosti á starfsstöð sinni.
Í lok hvers samningsárs skal fjárhæðin endurskoðuð m.t.t. aðsóknar barna og ungmenna í skipulögðu starfi á vegum SFS að garðinum og óska SFS um þjónustustig.
- 4.3. Fagstýrihópur ber ábyrgð á endurskoðuninni og gerir tillögu um breytingar, ef þarf, til sviðsstjóra SFS og ÍTR þar að lútandi.

5. gr.

Endurkrafa á ofgreiddu framlagi og vanefndir.

- 5.1. Komi í ljós að SFS hafi ofgreitt samningsfjárhæð af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka, mun SFS lækka fjárhæð til FHG við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu.
- 5.2. Verði um vanefndir að ræða á skyldum annars hvors samningsaðila skv. samningi þessum er gagnaðila heimilt að rifta samningnum. Áður en til riftunar kemur skal samningsaðili þó hafa skorað á gagnaðila að bæta úr vanefndinni innan hæflegs frests.

6. gr.

Gildistími og endurskoðun

- 6.1. Samningur þessi tekur gildi við undirritun. Samningurinn gildir til þriggja ára og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Samningurinn er uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg og miðast við mánaðamót.
- 6.2. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar SFS eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.
- 6.3. Báðir aðilar geta óskað eftir endurskoðun samningsins ef ófyrirséðar aðstæður valda breytingum á ákvæðum samningsins.
- 6.4. Aðilar skulu fyrir 1. apríl 2021 ákveða sameiginlega hvort samningurinn skuli endurnýjaður.

Samningur þessi er gerður í fjórum (4) samhljóða eintökum og heldur hver aðili sínu eintaki.

Öllu framangreindu til staðfestingar rita til þess bærir fyrrisvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist

Reykjavík, _____ september 2018.

F.h. Skóla- og frístundasviðs
Reykjavíkurborgar

F.h. Íþróttta- og tómstundasviðs
Reykjavíkurborgar

F.h. Gufunesbæjar-miðstöðvar
útivstar og útináms

F.h. Fjölskyldu- og húsdýragarðsins

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritunum
og yfirlýsingum aðila um fjárræði sitt:
